

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson greiði stefnda Tómasi Tómassyni 53 kr. 20 a. — Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður. Skipuðum málflytningum áfrýjanda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist í málflytningu 20 kr. úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 17. júní 1918.

Nr. 7/1918.

Simon Njálsson
gegn
Garðari Gíslasyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Garðar kaupmaður Gíslason í Reykjavík gegn áfrýjanda Simoni Njálssyni sama staðar til greiðslu á skuld að upphæð 53 kr. 51 e. og var það dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 31. maí f. á., á þá leið, að Simon Njálsson á að greiða Garðari Gíslasyni áminstar 53 kr. 51 e. með 5% ársvöxtum frá 20. apríl 1917 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað; ennfremur var hann dæmdur til að greiða 4 kr. sekt í landssjóð fyrir að hafa látið far-

ast fyrir að mæta á sáttafundi til sáttaumleitunar í málinu. Bæjarþingsdómi þessum hefir Símon Njálsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 11. febr. þ. á. og gerir hann þær réttarkröfur, aðallega að málsmedferðin í héraði verði ónýtt og málinu vísað frá bæjarþinginu, en til vara að dómi bæjarþingsins verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður; svo krefst hann og þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer. Hinsvegar hefir stefndi, Gardar Gíslason, gert þær réttarkröfur, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Ónýtingar- og frávísunarkröfu sína rökstyður áfrýjandi fyrst og fremst á þá leið, að málið sé í eðli sínu sjódomsmál og hafi ranglega verið sótt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur; það sé höfðað til endurgreiðslu á kaupum fyrir veru áfrýjanda á mótorbát vetrarvertíðina 1916. Þessu mótmælir stefndi og telur að málið sé venjulegt viðskiftaskuldamál. Eftir reikningi þeim frá stefnda, sem er grundvöllur málsins og fram er lagður í því, hefir áfrýjandi fengið hjá stefnda frá því í febrúar þangað til í ágúst 1916 7 peningaupphæðir (þar í lífsábyrgðargjald) samtals 277 kr. 34 a., og er fyrsta upphæðin greidd 21. febrúar en hin síðasta 19. ágúst, en hins vegar hefir áfrýjandi lagt inn til stefnda 13. maí aflahlut sinn af mótorbát 223 kr. 83 a. Mismunurinn, hin umstefnda skuld, 53 kr. 51 e. kemur þannig fram sem venjuleg viðskiftaskuld, og verður eigi fallist á þá skoðun

áfrýjanda, að stefnda hafi borið að sækja hana fyrir sjóðómi. Þá er það önnur ástæða fyrir ónýtingar- og frávisunarkröfu áfrýjanda, að stefnan til bæjarþingsins sé ólögleg, því að í henni sé eigi minst á það, hvernig á kröfunni standi, heldur aðeins kveðið svo að orði, að áfrýjandi skuldi hina umstefndu upphæð. Það er að vísu rétt, að í stefnu og sáttakæru er eigi gerð nánari grein fyrir upphæðinni en sú, að áfrýjandi skuldi stefnda hana, en þar sem stefndi er kaupmaður, mátti telja það sjálfgefið að um viðskiftaskuld væri að ræða. Stefndi hefir ómótmælt haldið því fram, að málsaðilar hafi engin önnur viðskifti haft en þau, er hin umstefnda skuld er sprottin af og grein er gerð fyrir með áður áminstum reikningi. Það verður því eftir öllum atvikum að líta svo á, að krafa stefnda hafi verið nægilega skilgreind í bæjarþingsstefnunni, og verður ónýtingar- og frávisunarkrafa áfrýjanda, er hér að lýtur, eigi tekin til greina. Enn er það ein ónýtingarástæða áfrýjanda, að málið hafi verið svo illa útlistað fyrir bæjarþinginu af hálfu stefnda, að þar hafi borið að vísa því frá dómi, en á þetta verður eigi fallist, því að stefndi lagði fram fyrir bæjarþingsréttinn stefnu, sáttakæru og ítarlegan, sundurliðaðan viðskiftareikning, og voru þessi skjöl svo úr garði gerð, að á þeim mátti byggja dóm um aðalefni málsins.

Og kemur nú aðalefni þess til álita. Áfrýjandi neitar því að hann skuldi stefnda nokkuð, en hann hefir þó ekki synjað fyrir það, að hann hafi meðtekið hjá stefnda framantaldar peningaupphæðir, samtals 277 kr. 34 a. og verður þá að líta svo á að

hann hafi viðurkennt þessa úttekt. Hins vegar mót-mælir hann því, að aflahluturinn af mótorbátnum (hlutur af »Heru« kr. 215,20 lifur, o. fl. kr. 8,63) = kr. 223,83, sé rétt reiknaður, og telur vanta sundur-liðaðan reikning yfir aflann, verð hverrar tegundar o. s. frv. Affrýjandi hefir þó ekki gert neina grein fyrir því, að hverju leyti og á hvern veg aflahlutur hans á mótorbátnum sé rangt reiknaður, nema að því leyti að hana segist halda fast við, að lifrar-hlutur hans að minsta kosti sé of lágt reiknaður. Vefenging hans á reikningnum, svo óákveðin sem hún er, virðist eftir málavöxtum eigi verða tekin til greina og krafa hans um sundurliðaðan reikning yfir aflann á mótorbátnum þykir eigi vera réttmæt á þessu stigi málsins, og getur eigi leitt til þess að færð verði niður eða feld niður skuldakrafa stefnda. Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, verður að taka aðalkröfu stefnda til greina og dæma áfrýjanda til að borga hina umstefndu skuld með vöxtum, eins og bæjarþingsdómurinn hefir gjört.

Af skjölum málsins sést að áfrýjandi var fjarverandi á sjó (»til sjós«) er sáttakæran og réttarstefnan í héraði var birt, og verður að ætla að hann hafi ekki fengið vitneskju um þessar birtingar áður en málið var tekið undir dóm í héraði. Það þykir því rétt að fella niður sekt þá, sem honum er gjörð með bæjarþingsdómnum, og láta málskostnað í héraði falla niður, en málskostnað fyrir yfirdómi verður áfrýjandi að greiða stefnda og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandi Símon Njálsson greiði stefnda Garð-
ari Gíslasyni kr. 53,51 með 5% ársvöxtum frá
20. apríl 1917 til greiðsludags og málskostnað-
fyrir yfirdómi 30 kr. Annar málskostnaður fell-
ur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8-
vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-áðför.

Mánudaginn 24. júní 1918.

5/1918.

Hannes Jónsson o. fl.
gegn
Sparisjóði Árnassýslu.

D ó m u r :

Samkvæmt skuldabréfi dags. á Fossi á Síðu 9.
nóv. 1911 fekk Jón Steingrímsson, þá bóndi á Fossi,
10000 kr. að láni hjá Sparisjóði Árnassýslu. Í skulda-
bréfinu eru meðal annars þau ákvæði, að lántakandi
skuli endurgjalda allt lánið innan 15. nóv. 1912, að-
vextirnir 6% á ári skuli greiddir fyrirfram og að
hann hafi til tryggingar láninu fengið áfrýjendur
þessa máls, þá Hannes Jónsson bónda á Núpstað,
Berg Bergsson bónda á Kálfafelli, Sigurð Jónsson
bónda á Mariubakka, Jón Jónsson bónda á Þverá,
húsfrau Ragnhildi Steingrímsdóttur á Rauðabergi.